

280. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 1. október 2015 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.

**Mættir:**

Kristín Björg Árnadóttir  
 Kristjana Hermannsdóttir  
 Björn H Hilmarsson  
 Rögnvaldur Ólafsson  
 Kristján Þórðarson  
 Fríða Sveinsdóttir  
 Svandís Jóna Sigurðardóttir í fjarveru BLÍ  
 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri  
 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:**

1. Fundargerð 91. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 29. september 2015.  
Fríða vék af fundi undir umfjöllun um lið 2.  
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
2. Fundargerð 130. fundar menningarnefndar, dags. 3. september 2015.  
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
3. Fundargerðir 2. og 3. fundar nefndar um málefni fatlaðra, dags. 2. júní og 8. september 2015.  
Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.
4. Fundargerð 182. fundar fræðslunefndar, dags. 24. ágúst 2015.  
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
5. Fundargerð haustfundar skólaþjónustu FSS og skólastjórnenda grunn- og leikskóla Snæfellsness, dags. 9. september 2015.  
Lagt fram til kynningar.
6. Fundargerð 152. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga, dags. 8. september 2015.  
Lagt fram til kynningar.
7. Fundargerð 146. fundur Breiðafjarðarnefndar, dags. 28. júlí 2015.  
Lagt fram til kynningar.
8. Fundargerð 128. fundar heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 7. september 2015.  
Lagt fram til kynningar.
9. Fundargerð 119. fundar stjórnar SSV, dags. 26. ágúst 2015.  
Lagt fram til kynningar.
10. Fundargerðir 21. og 22. fundar samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 21. ágúst og 21. september 2015.  
Lagt fram til kynningar.
11. Fundargerðir 376. og 377. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands, dags. 24. ágúst og 21. september 2015.  
Lagt fram til kynningar.
12. Fundargerð 830. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 11. september 2015.  
Lagt fram til kynningar.

BLÍ

FSS

SSV

SSV

HA-

IP

SSV

13. Bréf frá Umhverfis- og auðlindarráðuneytinu, dags. 1. september 2015, varðandi boð á IX. umhverfisþing þann 9. október 2015.  
Lagt fram til kynningar.
14. Bréf frá SSV, dags. 14. september 2015, varðandi haustþing SSV 2015.  
Lagt fram til kynningar.
15. Bréf frá Stykkishólmsbæ, dags. 21. september 2015, varðandi ályktun um móttöku flóttamanna.  
Lagt fram til kynningar.
16. Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, dags. 23. september 2015, varðandi samþykktir sveitarstjórna um þrífnað og umgengni utanhúss í þéttbýli, ásamt úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 26/2014, dags. 15. september 2015, varðandi númerslausar bifreiðar.  
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að vinna að slíkri samþykkt fyrir Snæfellsbæ.
17. Bréf frá Orkustofnun, dags. 11. september 2015, varðandi beiðni um umsögn um endurskoðaða umsókn Á Eyrinum um nýtingarleyfi fyrir jarðhita í landi Lýsudals í Snæfellsbæ.  
Afstaða bæjarstjórnar í þessu máli hefur ekki breyst og ítrekar fyrri umsögn vegna þess. Ennfremur tekur bæjarstjórn fram að bæjarfélagið hefur orðið fyrir miklu fjárhagstjóni vegna málsins.
18. Bréf frá Aflinu, samtökum gegn kynferðis og heimilisofbeldi, dags. 24. september 2015, varðandi beiðni um styrk.  
Bæjarstjórn sér sér ekki fært að verða við erindinu að svo stöddu.
19. Bréf frá Kolbrúnu Pálsdóttur, dags. 28. september 2015, varðandi tjaldsvæðið á Hellissandi.  
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að kanna rekstrarform tjaldstæða um landið, hvernig staðið er að útboðum á tjaldstæðarekstri og hvernig slíkur rekstur hefur gengið.
20. Bréf frá Heimili og skóla, dags. 25. september 2015, varðandi ályktun um endurnýjun gervigrasvalla vegna eiturefna í dekkjakurli.  
Bæjarstjóri sagði frá því að verið væri að kanna hvaða möguleikar væru í stöðunni og íþrótt- og æskulýðsfulltrúi er í sambandi við fagaðila vegna þessa.  
Lagt fram til kynningar.
21. Bréf frá Innanríkisráðuneytinu, dags. 16. september 2015, varðandi tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.  
Lagt fram til kynningar.
22. Bréf frá Baldvini Leifi Ívarssyni, dags. 15. september 2015, varðandi ósk um tímabundið leyfi frá starfi sínu sem bæjarfulltrúi. Vísað til bæjarstjórnar frá bæjarráði.  
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að veita Baldvini Leifi tímabundið leyfi frá starfi sínu sem bæjarfulltrúi frá 1. október 2015 til 31. mars 2016.  
Á þessu tímabili mun Kristján Þórðarson gegna hlutverki oddvita J-listans og Svandís Jóna Sigurðardóttir tekur sæti Baldvins Leifs í bæjarstórn. Var hún boðin velkomin til starfa.
23. Fjárhagsáætlun ársins 2016.  
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að veita bæjarstjóra og bæjarritara heimild til að hefja vinnu við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2016.
24. Minnispunktar bæjarstjóra.
- Bæjarstjóri sagði frá fundi sem hann og forseti bæjarstjórnar fóru á í gær með þingmönnum NV-kjördæmis.
  - Bæjarstjóri sagði frá hitaveitumálum á Lýsuhóli.

- c) Bæjarstjóri sagði frá fjármálaráðstefnu sveitarfélaga sem haldin var í síðustu viku.
- d) Bæjarstjóri sagði frá fundi Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum.
- e) Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðsluyfirlit fyrstu 9 mánaða ársins.
- f) Bæjarstjóri fór yfir fjárhagsstöðu stofnana fyrir tímabilið janúar – ágúst 2015.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:42

Kristín B. Árnadóttir

Kristín Björg Árnadóttir

Kristjana Hermannsdóttir

Kristjana Hermannsdóttir

Björn H. Hilmarsson

Björn H Hilmarsson

Rögnvaldur Ólafsson

Rögnvaldur Ólafsson

Kristinn Jónasson

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Kristján Þórðarson

Kristján Þórðarson

Fríða Sveinsdóttir

Fríða Sveinsdóttir

Svandís Jóna Sigurðardóttir

Svandís Jóna Sigurðardóttir

Lilja Ólafardóttir

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari